

Upplýsingar fyrir einstaklinga með sykursýki sem eru að fara í magaspeglun

Þeir sem eru á töflumeðferð

Ef þú ert á töflumeðferð við sykursýki tekur þú þær eins og venjulega daginn fyrir magaspeglunina. Þú fastar frá kl. 24 kvöldið fyrir magaspeglunina. Þú tekur **ekki** töflurnar að morgni speglunardags. Þegar magaspeglunin er búin og þú ferð að borða tekur þú töflurnar eins og vanalega nema að þú takir töflur sem geta valdið blóðsykurfalli svo sem Diamicron Uno, Glimeryl, Ameryl (eða önnur Sulfonylurealyf) þá sleppir þú þeim alveg sjálfan speglunardaginn.

Þeir sem sprauta sig með Insúlíni tvisvar á dag

(Hér var átt við mix insulin og langverkandi insúlín sem tekið er kvölds og morgna)

Daginn fyrir magaspeglun tekur þú insúlínið eins og vanalega Þú fastar frá kl.24 kvöldið fyrir magaspeglunina. Þú tekur **ekki** insúlínið að morgni speglunardags. Þegar magaspeglunin er búin og þú ferð að borða tekur þú **helminginn** af þínum vanalega insúlínskammti. Um kvöldið tekur þú þinn vanalega insúlínskammt.

Ef þú notar bæði töflur og insúlín ferðu líka eftir leiðbeiningum hér að ofan.

Þeir sem sprauta sig með hraðvirku insúlíni (með mat) þrisvar sinnum á dag eða oftar og eru einnig á langvirku insúlíni.

Daginn fyrir magaspeglun tekur þú insúlínið þitt eins og vanalega, þar á meðal langvirka insúlínið ef það er tekið að kvöldi. Þú fastar frá kl. 24 kvöldið fyrir magaspeglunina. Ef þú tekur langvirkt insúlín á morgnana gerir þú það einnig að **morgni** speglunardags. Þú tekur **ekki** hraðvirka insúlínið að morgni speglunardags. Þegar magaspeglunin er búin tekur þú hraðvirka insúlínið um leið og þú ferð að borða.

Ef notar bæði töflur og insúlin ferðu líka eftir leiðbeiningum hér að ofan.

Þeir sem eru með insúlínumpu.

Þú heldur áfram á þínum fasta grunnskammti og fylgist með blóðsykrinum á 2 klst fresti.

ATH. Mikilvægt er að þeir sem eru með insúlinháða sykursýki taki insúlínið með sér á speglunardeild.

Ef einhverjar spurningar vakna er þér velkomið að hafa samband við okkur í síma 5436030 frá kl. 08 – 16 virka daga og í síma 8245207 á öðrum tímum.

Gangi þér vel.

Starfsfólk speglunardeildar 11-D